

Miðvikudaginn 21. október 1936.

Nr. 132/1936. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Guðmundi Þorsteinssyni

(Lárus Jóhannesson).

Brot gegn áfengislögunum, bifreiðalögunum og lög-
reglusamþykkt Reykjavíkur.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 27. júní 1936: Kærður, Guðmundur Þorsteinsson, greiði 100 kr. sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga.

Kærður skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það sannað með játningu kærða, sem er í samræmi við skýrslu lögregluþjóns og niðurstöðu blóðrannsóknar, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreið sinni um götur Reykjavíkur á þeim tíma, sem greinir í dómi undirréttarins. Svo er það og sannað, að hann hafi í umrætt skipti ekið inn Laugaveginn og með því brotið bann það, sem við því er lagt í samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 5. júní 1930, sbr. 30. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Þessi brot kærða eru í hinum áfrýjaða dómi réttilega heimfærð undir þar greind refsíákvæði, og með skírskotun til þeirra ber að staðfesta undirréttardóminn, þó þannig, að sekt kærða ákveðst 150 krónur, er afplánist með 10 daga einföldu fang-

elsi, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og verjandi fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist, þó þannig, að sekt kærða ákveðst 150 krónur, er aflánist með 10 daga einföldu fangelsi, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og verjandi fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningu- og verjandi Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Þorsteinssyni, málara, til heimilis Holtsgötu 37 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70 1931, áfengislögunum nr. 33, 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2, 1930.

Hann hefir ekki fyrr sætt kærðum eða refsingu svo kunnugt sé. Með eigin játningu kærðs, sem kemur heim við annað, sem upplýst er í málinu, er það sannað, að hann hafi í ölvunarástandi ekið bifreiðinni RE. 957, hér um bæinn s. l. fimmtudagskvöld, og þar á meðal inn Laugavegin.

Blóðrannsókn læknis sýndi 2,5% afengismagn.

Með þessu hefir hann gerzt sekur við 5. gr. 3. mgr. bifreiðalaganna, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 30. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar, sbr. samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 7. júlí 1930.

Refsing kærðs þykir hæfilega ákveðin 100 kr. sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skal kærður og sviptur rétti til að stjórna bifreið í 3 mánuði. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 21. október 1936.

Nr. 78/1936. Réttvísing

gegn

Óla Ólasyni Kærnested.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta í hæstarétti ber rannsóknardómaranum að framkvæma réttarrannsókn um eftirtalin atriði:

1. Afla skal vitneskju um, hverjir bjuggu um reyk háf þann, sem í málinu greinir, á tengivagnni þeim, sem hann var fluttur á, og hvort ákærður var einn þeirra manna, er létu reyk háfinn á vagninn og sáu um umbúnað hans þar.

2. Þá ber og að leita upplýsinga um breidd pallsins á tengivagninum, þvermál reyk háfsins, hvernig plankar þeir, sem notaðir hafa verið til stuðnings reyk háfnum, voru að lögun, hversu gildir og langir þeir voru og hversu mikið var bilið beggja megin reyk háfsins á vagninum.